

12. desember 2019.

Blaðsíða | 1

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

MINNISBLAÐ – Skólavogin, mál 11023155

Meðfylgjandi þessu minnisblaði er skýrsla Skólavogarinnar fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar skólaárið 2018-2019. Þetta er í sjötta skipti sem samantekt er útgefin úr Skólavoginni fyrir Hafnarfjörð. Skólavogin er samantekt á upplýsingum úr svonefndum Skólapúlsi en hann safnar upplýsingum um viðhorf nemenda, starfsmanna og foreldra í einstaka grunnskólum út frá könnun sem viðkomandi fá. Allir grunnskólar Hafnarfjarðar eru þátttakendur í Skólapúlsinum samkvæmt ákvörðun fræðsluráðs Hafnarfjarðar á sínum tíma. Skrifstofa mennta- og lýðheilsusviðs hefur árlega unnið upplýsingar upp úr Skólapúlsinum til að draga saman niðurstöður Skólapúlsins fyrir Hafnarfjörð – til samanburðar við önnur sveitarfélög á Íslandi sem einnig eru þátttakendur í Skólavoginni og er tilboð til sveitarfélaga en ekki skylda. Það er hafnfirsk ákvörðun að nemendakönnun er gerð árlega (fyrstu árin var það eingöngu nemendakönnun í 6.- 10. bekk en nú er annað árið með nemendakönnun í 1.-5. bekk og því tvær aðskildar kannanir með mismunandi inntak) og foreldra- og starfsmannakönnun sitt hvort árið. Þetta árið er það foreldrakönnun sem er í skýrslunni auk nemendakannananna tveggja. Auk þess er samantekt á niðurstöðum samræmdra könnunarprófa í 4., 7. og 9. bekk fyrir skólaárið 2018-2019 í samanburði við önnur sveitarfélög sem hafa keypt aðgang að Skólavoginni, alls 35 sveitarfélög (sjá bls. 48 í skýrslunni).

Skýrslan kynnir sig sjálf og ekki er farið að neinu marki yfir skýrsluna sjálfa hér. Í fyrsta skipti er þó reynt að hafa samanburð milli fyrri ára í skýrslunni (sjá kafla 2.0, bls. 14 og viðauka bls. 49-52). Helsta meginbreytingin sem sjá má er aukning á ný með jákvæð viðhorf til matarþjónustu í grunnskólunum sem dalaði um tíma og hefur tekið talsverðan kipp á ný til aukinnar ánægju ef marka má viðhorf foreldra til hennar.

Tilgangur skýrslunnar er ekki að leita blóraböggla eða leita allra leiða til að finna það sem er að eða það sem má gagnrýna í skólastarfinu í Hafnarfirði. Tilgangur skýrslunnar er að átta sig á stöðu og gefa einstaka skólum, og sveitarfélaginu í heild sinni, möguleika til að finna heppilegar áskoranir og viðfangsefni til skólaláprunar. Það er hlutverk sveitarfélagsins í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91 frá 2008 þar sem viðfangsefnið ytra mat sveitarfélaga (sbr. 37. grein laganna) er eitt lögboðinna verkefna þess og þessi skýrsla er hluti þess verkefnis.

Að öðru leyti er vísað til skýrslunnar til skoða niðurstöður og samanburð sem þar kemur fram.

Virðingarfyllt,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla